



Til: axelov@isafjordur.is

Efni: Re: umsögn varðandi skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 Naustahvilft í Skutulsfirði, og nýtt deiliskipulag

Upplýsingar: Sent: 02.05.2017 13:58:43 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017040015, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017040015

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Ísafjarðarbæ, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 við Naustahvilft í Skutulsfirði en samhliða verður farið í gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Miðað við umfang og eðli þess sem á að skipuleggja, áningarstaður / útivistarsvæði, gerir Náttúrufræðistofnun ekki ahugasemd við að farið verði í að gera breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar við Naustahvilft og að samhliða verði unnið deiliskipulag fyrir svæðið. Í forsendum að skipulaginu er gert ráð fyrir að það taki mið af náttúru svæðisins.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Friða Óladóttir/NI.IS
Dags: 11.04.2017 15:02:56
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: 2016100047 -

----- Forwarded by Sigrún Friða Óladóttir/NI.IS on 11.04.2017 15:02 -----

From: Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>
To: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>, "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>, "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>
Cc: "magnea.ingolfsdottir@isavia.is" <magnea.ingolfsdottir@isavia.is>
Date: 11.04.2017 15:01
Subject: FW: 2016100047 -

Sæl öll

Ég sendi þetta aftur, þar sem viðhengi fór ekki með fyrri pósti.

Kv Axel

From: Axel Rodriguez Överby
Sent: 11.4.2017 11:49:00
To: skipulag@skipulag.is; ust@ust.is; ni@ni.is; isavia@isavia.is; skrifstofa@vedur.is; postur@minjastofnun.is; vegagerdin@vegagerdin.is
Subject: 2016100047 -

Ísafjarðarbær óskar eftir umsögn varðandi skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 við Naustahvilft í Skutulsfirði, og nýtt deiliskipulag fyrir svæðið

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 7. apríl síðastliðinn að heimila að skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag Naustahvilft, Skutulsfirði, verði kynnt opinberlega skv. Skipulagslögum 123/2010 og að lýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við VII og VIII. Kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og matslýsing verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, á Ísafirði, á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 12. apríl 2017 til og með 2. maí 2017.

Umsagnarbeiðni þessi er einungis send út rafrænt. Ef sérstaklega er óskað eftir að fá erindið jafnframt sent útprentað í pósti þá látið skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar vita.

Umsagnir skulu berast til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, skriflega eða í tölvupósti á netfangið axelov@isafjordur.is eigi síðar en 2. maí 2017.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa tölvupósts.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Isavia
- Vedurstofa
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerð

Bestu kveðjur/Best regards

Axel Rodriguez Överby
Skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær

Stjórnsýsluhúsinu

Pósthólf 56, 400 Ísafjörður

Sími: 450 8000, fax: 450 8008

Netfang: axelov@isafjordur.is

Vefur: www.isafjordur.is

Bronze benchmarked.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa náð mikilvægum áfanga í leið að umhverfivottun EarthCheck

Vestfirðir eru handhafar European destination awards og voru valdir sem eitt af 10 áhugaverðustu svæðunum í heiminum af Lonely Planet.